

## Íslenskur sjávarútvegur - frá auðlind til neytenda

**Hvar verða verðmætin til?** (ígildi 6 ECTS eininga)

Haustið 2011 - Einnig í fjarkennslu þangað sem óskað er

Námskeiði er sniðið fyrir starfsmenn sjávarútvegsfyrirtækja sem eru með háskólamenntun en er opið öllum sem eru að lágmarki með 90 eininga framhaldsskólamenntun. Takmarkaður fjöldi þátttakenda.

**Lýsing:** Farið verður í sjávarútvegsferilinn, frá auðlindinni að disk neytenda í þessari röð. Fjallað verður um verðmætasköpunina á hverju stigi ferilsins og þáttum sem hafa þar áhrif á, um helstu tegundir í hafinu við Ísland, samspil nytjastofna, haffræðilega ferla í hafinu og hugsanlegar breytingar þar á vegna veðurfarsbreytinga. Umfjöllun verður um helstu veiðarfæri, skip og þróun þar á síðustu ár. Fjallað verður um vinnslu sjávarafurða og helstu þætti sem tengjast fiski sem matvæli, um flutningsleiðir fiskafurða og markaði. Umfjöllun verður um mikilvægi sjávarútvegs fyrir Íslendinga og stöðu Íslensks sjávarútvegs á heimsvísu. Nemendur verða fræddir um það hvar hægt er að finna tölulegar upplýsingar um sjávarútveg af netinu. Áhersla verður á að tengja námið við það nýjasta sem er að gerast í íslenskum sjávarútvegi og þróun markaða erlendis.

**Einingar:** Námskeiðið samsvarar 6 ECTS einungum. Til að fá einingarnar metnar þarf að sækja um það sérstaklega.

**Kennslutilhögun:** Námskeiðið er 36 kennslustundir. Kennt verður á miðvikudögum frá 7. september til 30. nóvember kl. 17:00-20:00. Kennsla fer fram í fyrirlestrum, verkefnavinnu og umræðum. Nemendum gefst tækifæri til að eiga samskipti sín á milli og við kennara á innri vef háskólans (Moodle) og sækja þangað kennsluefni..

**Námsmat:** Mæting í tíma (75%) sem gildir 10% og verkefni sem gilda 90%.

**Kennarar:** Hreiðar Þór Valtýsson lektor og ýmsir kennarar á Viðskipta- og raunvísindasviði HA

**Verð:** 72.000 kr.

**Skráning:** [www.unak.is/simenntun](http://www.unak.is/simenntun) eða í síma 460 8091/8090 til 20. ágúst.